Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1956, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Bréf – Boðskort – Svarbréf – Halldóra Rútsdóttir – Skrif um hið „snautlega fjall Esjuna“ í Tímanum – S.S. – Um endurskoðun varnarsamningsins – Hannibal Valdimarsson – Alþýðubandalagið – L.T. Johnson – Shelbourne Studios Inc. – Koma konungs og drottningar Danmerkur – General Maxwell D. Taylor – Leikfélag Reykjavíkur – Miðdegisverðarboð

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-20, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrif S.S. í Tímanum 18.sept. 1956.

Aldrei hef ég betur séð það en þennan morgun, hvað Esjan er takmarkalaust ljótt fjall. Það er sannast móðgun við öll sæmileg fjöll að kalla hana sama nafni. Það er eiginlega ekki hægt nema fyrir einhverja flatlendiskaraktera, sem aldrei hafa kynnzt almennilegu fjalli. Einna helzt minnir hún mig á fjóshaug. Útrunninn, gamlan fjóshaug, sem þurrir hnúskar standa hér og þar út úr, en þynnri mykja hefur runnið út á milli. Form Esjunnar er nákvæmlega hið sama. Það er glæpur við fegurðarsmekk fólks að kalla Esjuna fjall, hvað þá þau ósköp að kalla hana fallegt fjall.

Og litbrigðin í Esjunni, þessi útþvældi húsgangur, sem menn rembast við að básúna á svölunum hjá sér, eftir að hafa kúldast inni í heitu og leiðinlegu kaffiboði. Jafnvel ljótt fjall eins og Vaðlaheiðin hefur miklu fallegri litbrigði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar síðsumarsnæturnar læðast inn Eyjafjörð.

Já, það er snautlegt fjall, Esjan.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1956

Hannibal Valemarsson við umræður um þingsályktunartill. um endurskoðun varnarsamningsins í Sþ. 16.nóv.

"Þegar spurt er um afstöðu stjórnarinnar sem heildar til ~~þessara mála~~ þessara mála,þá er hægt að lýsa því yfir,að Alþýðubandalagið er nákvæmlega sammála því að framfylgt sé þingsályktun Alþingis frá því 28.marz í vor og að haldið sé á þessum málum í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnarsáttmálans í þessu máli og í samræmi við þá málstúlkun sem þetta mál hefir fengið í blöðum og á mannfundum fyrir kosningarnar og eftir þær."

Við umræður í Sþ 6.des. Skýrsla utanríkisráðherra um samningaviðræðurnar um endurskoðun varnarsamningsins.

" Við erum einnig andvígir þeim forsendum frestunar sem þar (í orðsendingum milli stjórnar U.S.A. og Ísl.) eru greindar en töldum aðstæður ekki heppilegar nú til þess að tryggja samninga um brottför hersins. En við vorum samþykkir því að frestað yrði um nokkra mánuði samningum þeim sem ráðgert var að hefjast skyldu 15.f.m. um þessi mál. Skipun fastanefndar þeirrar sem um getur í orðsendingunum erum við hinsvegar andvígir og teljum hana þarflausa með öllu þa þar sem hér er aðeins um bráðabirgðafrestun að ræða,enda teljum við að ekki komi til mála að frestur þessi verði notaður til nokkurra nýrra hernaðarframkvæmda.

Við munum samkvæmt þessu vinna að því að fljótlega verði hafin endurskoðun varnarsamningsins samkv. ályktun Alþingis frá 28.marz.1956 með það fyrir augum að herinn fari af landi burt."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ályktun þings A.S.Í. um brottflutning hersins: (24.nóv.)

"Tuttugasta og fimmta þing A.S.Í. lýsir þeirri eindregnu skoðun sinni að flytja beri hinn erlenda her burt af Íslandi svo fljótt sem aðstæður leyfa og skorar eindregið á ríkisstjórn og Alþingi að framfylgja afdráttarlaust samþykkt Alþingis frá 28.marz s.l. um brottflutning hersins og ákvæðum ríkisstjórnarsáttmálans um hið sama. Treystir þingið því að eigi verði hvikað í þessu sjálfsstæðismáli".

Yfirlýsing miðstjórnar og þingflokks Alþýðubandalagsins 5.nóv.

Í yfirlýsingunni er vitnað til stefnuyfirlýsingar Alþýðubandalagsins um utanríkismál. Þar segir m.a.: "Það vinnuafl sem nú er bundið við hernaðarvinnu í þjónustu erlends ríkis verði leyst frá þeim störfum og aftur beint að framleiðslu þjóðarinnar, frekari hernaðarframkvæmdum hætt og hinn erlendi her látinn víkja úr landinu með uppsögn samningsins frá 1951.

Stefnt sé að því að gera Ísland aftur hlutlaust land, án herstöðva, og utan hernaðarbandalaga, er ástundi vináttu við allar þjóðir nær og fjær og leggi fram sinn skerf til þess að varðveita frið og boða sættir, hvar sem fulltrúar þess koma fram á alþjóðavettvangi."

Í yfirlýsingunni segir svo: "Alþýðubandalagið álítur ennfremur að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessir atburðir sýni (Ungverjaland) ljóslega hvílík nauðsyn það er, vegna heimsfriðarins að hernaðarbandalög stórveldanna, Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið verði formlega leyst upp og allt herlið stórveldanna sem nú dvelur í herstöðvum utan heimalands þeirra, víki þaðan og hverfi heim".

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík,11.feb.'56.

Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson og kona hans þakka forseta Íslands og konu hans fyrir boð þeirra til kvöldverðar fimmtudaginn 1. marz 1956 kl. 7,30, sem þeim er ánægja að þiggja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 24. marz 1956.

Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson og kona hans þakka forseta Íslands og forsetafrú fyrir boð þeirra til kvöldverðar að Hótel Borg þriðjudaginn 10. apríl 1956, kl. 19.45, sem þeim er ánægja að þiggja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 4. maí 1956.

Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson og frú þakka boð forseta Íslands og frúar til kvöldverðar að Bessastöðum, föstudaginn 11. maí 1956 kl. 7.30, sem þau því miður geta eigi þegið vegna fjarveru ráðherra úr bænum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson og kona hans þakka vinsamlegt boð Forseta Íslands og konu hans um að sitja síðdegisboð að Bessastöðum föstudaginn 8. júní 1956, en þykir leitt að þau geta því miður eigi þegið boðið, þar eð ráðherrann verður fjarverandi úr bænum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MURRAY HILL 2-6033-4

CONSULATE GENERAL OF ICELAND
551 FIFTH AVENUE
NEW YORK 17, N.Y.

18. janúar 1956

Skrifa og segja
eg hafi ekki í huga
f. að kaupa myndina -
BjBen

Kæri dómsmálaráðherra,

Fyrir skömmu kom bréf frá utanríkisráðuneytinu til aðalræðismannsskrifstofunnar, þar sem pöntuð var mynd af utanríkisráðherra, samkvæmt meðfylgjandi afriti af bréfi frá SHELBURNE STUDIOS, INC. í New York.

Þau mistök áttu sér stað hjá mér, þegar eg pantaði myndina, að eg pantaði mynd af yður í stað Dr. Kristins Guðmundssonar, og áttaði mig ekki á því fyrr en myndin kom og eg las bréf ráðuneytisins yfir aftur.

Nú datt mér í hug að grennslast fyrir um, hvort þér ekki mynduð vilja eiga myndina, en að öðrum kosti munum við skila henni aftur.

Með von um heiðrað svar yðar fljótlega, kveð eg yður

Virðingarfyllst,

AÐALRÆÐISMANNSSKRIFSTOFA ÍSLANDS

Hansína Kristjánsdóttir

ritari

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

C O P Y
-------

SHELBURNE STUDIOS, INC.

47 W. 63rd Street,
New York 23, N.Y.

October 15, 1955

Dear Patron:

In removing to our new address we find amongst a number of studio display pieces a miniature of you which we made some time ago from an excellent negative of yourself. Your miniature is a beautiful Blue Tone 3 1/4" x 4 1/4" and framed in gold plate frame. It would make an excellent gift.

Miniatures of this type when on order are priced at a great deal more than that at which you may now purchase it as we are anxious to dispose of all these display pieces. Therefore, you have the opportunity of obtaining it at the eceedingly low price of $10.00.

If you wish to have it kindly send your check and we will be happy to send it to you on approval basis.

Very truly yours,

SHELBURNE STUDIOS, INC.

(Sgd.) L.T. Johnson

P.S. We would like to remind you that we still have on file an excellent set of negatives of yourself. Upon request we will be happy to send you gratis a complete set of proofs for your consideration.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 14. feb. 1956.

Ungfrú Halldóra Rútsdóttir,
Aðalræðismannsskrifstofunni,
New York.

Þakka bréf yðar, dags. 18. janúar s.l., viðvíkjandi mynd, sem af misgáningi var pöntuð af mér í stað Dr. Kristins Guðmundssonar, utanríkisráðherra.

Sem stendur þarf ég ekki á mynd að halda og hefi því ekki áhuga á að kaupa hana.

Með beztu kveðjum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 11.feb.'56.

Dóms- og menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson og kona hans þakka sendiherra Þýzkalands á Íslandi og konu hans fyrir boð þeirra til miðdegisverðar 21. febrúar n.k. kl.7,30, sem þeim er ánægja að þiggja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 7.2.'56.

Dóms- og menntamálaráðherra,
Bjarni Benediktsson og kona hans
þakka rektor háskólans próf.
Þorkatli Jóhannessyni fyrir boð
hans til miðdegisverðar laugardag-
inn 11. feb. n.k. að Oddagötu 2,
sem þeim er ánægja að þiggja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 28. marz 1956.

Menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson þakkar boð rektors Háskóla Íslands um að koma í hátíðasal háskólans fimmtudaginn 12. apríl 1956, kl. 9.40 f.h. til heiðurs konungi og drottningu Danmerkur, sem honum er ánægja að þiggja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 24. marz 1956.

Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson og kona hans þakka boð Hans Hátignar Konungs Danmerkur og drottningar til kvöldverðar í Þjóðleikhúskjallaranum fimmtudaginn 12. apríl 1956, kl. 19.40, sem þeim er ánægja að þiggja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 11. jan. 1956.

Til
<u>Stjórnar Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.</u>

Ég þakka stjórn starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar fyrir boð hennar til afmælis félagsins, þriðjudaginn 17. jan. n.k., en því miður getum við hjónin ekki þegið það, þar sem ég hafði áður ráðstafað þessu kvöldið.

Jafnframt því að þakka stjórninni boð hennar, sendi ég félaginu mínar beztu heillaóskir og minnist með ánægju ágæts samstarfs við félagið og starfsmenn Reykjavíkurbæjar yfirleitt.

Með vinsemd og virðingu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 6. marz 1956.

Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson og kona hans þakka sendiherra og frú J. Thyne Henderson fyrir boð þeirra til kvöldverðar föstudaginn 16. marz 1956, kl. 7.30, sem þeim er ánægja að þiggja.

Svara játandi
BBen

*The British Minister*
*and*
*Mrs. J. Thyne Henderson*
*request the honour of the company of*
Mr & Mrs Bjarni Benediktsson
*at* dinner *on* March 16
*at* 7 30 *o'clock.*

White tie & Decorations

*R.S.V.P.*
*British Legation.*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 3. marz 1956.

Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson og kona hans þakka ambassador og frú Anderssen-Rysst fyrir boð þeirra til kvöldverðar laugardaginn 10. marz 1956, kl. 19.30, sem þeim er ánægja að þiggja.

Svara játandi.

*Norges Ambassadör*
*og fru Anderssen-Rysst*
*gir sig den ære å innby*

Rådherra og fru Bjarni Benediktsson

*til* middag *i den Norske Ambassade, Fjölugt. 15,*
lör *dag den* 10. mars *kl.* 19.30

Smoking.

*S. U.*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Leikfélag Reykjavíkur væntir þess, að þér sýnið félaginu þann heiður að þiggja boð þess á leiksýningu:*

miðvikudagskvöld 21. marz kl. 20

leikritið: Systir María eftir Charlotte Hastings.

*Virðingarfyllst,*
*stjórn L. R.*

Hr. menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson
og frú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 19. marz 1956.

Dóms- og menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson og kona hans þakka boð Leikfélags Reykjavíkur um að koma til sýningar félagsins 21. marz n.k., en taka fram, að þau geta því miður eigi þegið boðið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 13. apríl 1956.

Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson þakkar boð utanríkisráðherra dr. Kristins Guðmundssonar um að koma til móttöku fyrir General Maxwell D. Taylor, formann herráðs Bandaríkjahers, í Tjarnargötu 32 sunnudaginn 15. apríl n.k. kl. 10 f.h., en tekur fram, að hann getur því miður eigi þegið boðið.

Utanríkisráðherra Kristinn Guðmundsson biður herra dómsmálaráðherra Bjarna Benediktsson að gera sér þá ánægju að koma til móttöku fyrir General Maxwell D. Taylor, formann herráðs Bandaríkjahers, í Tjarnargötu 32 sunnudaginn 15. apríl kl. 10 f.h.

Sv.ó. Dökk föt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 9. júlí 1956.

Menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, og kona hans þakka vinsamlegt boð landbúnaðar- og félagsmálaráðherra og konu hans, um að sitja miðdegisverðarboð hjá þeim, fimmtudaginn 12. júlí., en þykir leitt, að þau geta því miður eigi komið, þar eð þau höfðu ráðstafað tíma sínum áður.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur